



Landsamband lögreglumanna

Grettisgötu 89 • 105 Reykjavík • Pósthólf 5006 • Sími 562 4411 • Fax 562 5011

Alþingi

Erindi nr. D 120/11386

komudagur 12/4 1996

Reykjavík 11. apríl 1996.

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, heildarlög.

Um leið og framkvæmdastjórn Landssambands lögreglumanna þakkar erindi yðar, dags. 21. mars sl. leyfir hún sér að mótmæla þeim skamma fresti sem gefinn er til umfjöllunar tillagna um jafn veigamiklar breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og hér birtast í reynd. Ljóst er að tillögurnar miða að breytingum á ákvæðum sem gengið var út frá við undirritun ráðningarsamninga félagsmanna aðildarfélaga LL og hafa að miklu leyti haft áhrif á kjör þeirra á undangengnum árum. Eðlilegra hefði verið, að mati framkvæmdastjórnarinnar, að viðræður um slíkar breytingar færu fram við gerð kjarasamninga en í formi einhliða lagabreytinga á hinu háa Alþingi.

Hvað varðar lögreglumenn sérstaklega, er vert að benda á að verði frumvarp þetta að lögum í óbreyttri mynd mun það einhliða, hafa veruleg áhrif á réttarstöðu þeirra. Lögreglumenn hafa um áratuga skeið verið skipaðir til starfa þrátt fyrir óljós mörk þess hvort þeir teldust til embættis- eða starfsmanna ríkisins. Um ráðningarform lögreglumanna hefur ítrekað verið fjallað í millum LL og dómismálaráðuneytis og um það ríkt sátt að eðlislægt þyrftu lögreglumenn ráðningarfestu, með hliðsjón af starfslegum þáttum. Þetta sjónarmið endurspeglast í frumvarpi til lögregluglaga.

Vandséð er nauðsyn þess að saman þurfi að fara hvort lögreglumenn teljist til embættismanna og að þeir verði einhliða sviptir samningsrétti. Er vert að árétta í þessu samhengi að árið 1986 afsöluðu lögreglumenn sér verkfallsrétti við gerð kjarasamninga í stað sérstaks viðmiðunarferlis. Ákvæði þetta skerti á engan hátt rétt lögreglumanna til þátttöku í almennum kjarasamningum. Á sama hátt teljum við eðlilegt að tími gefist til ítarlegrar skoðunar á þeim valkostum sem frumvarpið gerir ráð fyrir og varða samningsumhverfi lögreglumanna. Eftir slíka skoðun og viðræður samningsaðila um


Þá möguleika sem bjóðast, gætu lögreglumenn tekið afstöðu í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Ljóst má vera að ekki verður slitið úr samhengi; nauðsyn ráðningarfestu í formi skipunar, rétturinn til kjarasamningsgerðar og verkfallsrétturinn.

Framkvæmdastjórnin lýsir undrun sinni á þeim starfsaðferðum sem ríkisstjórnin beitir í máli þessu og mótmælir þeim harðlega. Nær útilokað er að taka afstöðu til einstakra þátta á þessari stundu sem varða réttindi og skyldur lögreglumanna þar sem þau taka jafnframt til annarra lagaákvæða, sem eru í endurskoðun.

Þá lýsir framkvæmdastjórnin stuðningi sínum við umsögn Bandalags starfsmanna ríkis- og bæja um einstaka liði frumvarpsins.

Virðingarfyllt,


Jónas Magnússon
formaður